

Umhverfisnefnd og samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. janúar 2022  
Tilvísun: 202112-0033  
SS  
SS


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að þingsályktun um þjóðaráttak í landgræðslu, 96. mál.

Um er að ræða þingsályktunartillögu sem nú er flutt, lítið breytt, í þriðja sinn. Tillagan var flutt á 150. þingi (365. mál) og á 151. þingi (320. mál). Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um málið á 150. þingi, þann 17. mars 2020. Vísað er í þá umsögn þar sem tekið er undir meginmarkmið tillögunnar en einnig bent á að gæta þurfi þess að samræma aðgerðir við framfylgd alþjóðasamninga t.d. er varðar líffræðilega fjölbreytni og einnig bent á að forðast eigi landgræðslu með framandi ágengum tegundum.

Við fyrri umsögnina má bæta að Landgræðslan kynnti drög að nýrri landgræðsluáætlun í júní 2021 og veitti Náttúrufræðistofnun umsögn um þau drög sem má nálgast hér á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar: [landgraedsluaetlun\\_2021-2031\\_og\\_umhverfismat\\_aaetlunarinnar.pdf \(ni.is\)](#).

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs  
Náttúrufræðistofnun Íslands

